



„Hann sigraði raunverulega með endurkomu sinni í miðstjórn og á alþingi, og það mun honum — nóg. Hann reynist friðsemdarmaður og telst synu líkari lystisnekkjunni en herskipinu“. Þetta segir Lúpus meðal annar í palladómi um Gunnar Thoroddsen í nýjustu Víku. Af öðru efni má nefna grein um Svetlónu Stalin og hjónaband hennar í Bandaríkjunum, grein um stúlku í Norður-Írlandi, sem var ötuð tjóru og fiðri fyrir að vera trúlofuð brezkum hermanni, myndafrásögn af Tuskildingsóperunni, heil-síðulitmynd af nýja Trúbrotinu og ótal margt fleira.

Vikan

SILUNGURINN ER NÚ ALINN Í SÖLTU VATNI

Tilraunir eru nú gerðar til að rækta silung í söltu vatni. Fara þær fram á vegum stofnunar þeirrar, sem franska ríkið hefur sett á stofn til rannsóknar á því hvernig hagnýta megi auðafi hafins. Þeim stjórnar Jean Caous, sem býr á eigin bugarði við ósa Rance-arinnar í Ille-et-Vilaine heraðinu í Frakklandi. Lífþráðingar frá visindadeild Hafrannsóknastofnunarinnar í Bretagne-heraðinu, sem hafa það að sérgræin sinni að rækta laxfisk, veita honum aðstoð í þessu starfi.

Ræktunin fer að mestu þannig fram, að silungsseiðin eru, 6 mánaða eða svo, 20–40 grömm að þyngd, sett í ferskvatnstank og vanin þar smám saman á að lifa í saltvatni. Í þeirra eðlilega umhverfi er það svo í raun, að sumar silungategundir fara niður árnar til að lifa í sjónum. Og þar fer hin mikla breyting fram. Hún verður með þeim hætti, að fiskurinn stækkar verulega og rauðir deplar, er til þessa hafa einkennt lit-arhætt hans, hverfa, jafnframt því sem hold hans breytist þann-

ig, að það eftir þetta líkist meir laxi. Tilraunir þær, sem hér um ræðir, beinast að því að koma þessum breytingum til leiðar með því einu, að láta fiskinn lifa í söltu vatni. Á hverjum degi er 3 þúsund teningsmetrum af vatni dælt í 7 ræktunartanka. Um leið er tryggt að nægt súrefni sé fyrir hendi. Vatnið er tekið úr hreinni á og sjóvatnið er tekið úr sjónum. Framleiðslan hefur þegar komið af tilraunastiginu og frá því í apríl 1972 hefur fiskurinn verið til sölu.

MYNDVEFNAÐUR ER SJÁLFSTÆTT FORM LISTAR

Rætt við Ásgerði Búa-dóttur um list-vefnað

Íslendingar eru listelsk þjóð. Frá fornu fari hafa fjölmargir meðal þessarar fámennu þjóðar fengist við bókmenntastörf. Menn yrkja og skrifa, — miklu fleiri, en marga grunar.

Nú á síðari árum hefur vaknað almennur áhugi fyrir fleiri listgreinum á Íslandi. Einna mestur mun áhuginn vera fyrir myndlistinni. Margir Íslendingar fást nú við málalartist.

Ein er sú listgrein á þessum meiði, sem ekki hefur vakið eins almenna athygli og áhuga. Það er myndvefnaður. Ætti sú list þó að eiga vel við okkur Íslendinga, því frændur vorir á Norðurlöndum hafa þar getið sér gótt orð.

Meðal þeirra tiltölulega fáu, sem stunda myndvefnað á Íslandi er Ásgerður Búa-dóttur. Hún er nýlega heimkomin frá því að taka þátt í sam-norrænni myndvefnaðarsýningu í Svíþjóð. Blaða-maður Alþýðublaðsins átti af því tilefni stutt spjall við Ásgerði um sýninguna og list hennar.

Öldum saman var Hasselby-höll, í nágrenni Stokkhólms, að-setur samskrá embættismanna og aðalsmanna. Nú eru þeir all-ir löngu horfnir, en höllin stend-ur enn, og nú hýsir hún að visu aðalsmenn, — aðalsmenn lista og menningar, og ekki bara samskrá, heldur líka norska, finnska, danska og íslenska.

Stofnunin Hasselby, menningarmiðstöð norrænu höfuð-borganna, hefur það hlutverk að efla samstöðu Norðurlanda-þjóðanna með persónulegum kynnum og umræðum, og höfuð-staðir Norðurlandanna standa undir kostnaði við reksturinn.

Innan veggja hallarinnar drífur ýmislegt á dagana, þang-að koma visindamenn, lista-menn og sérfræðingar ýmislegrir til að ræða saman um þjóðfé-lagsmál, tækni, hagfræði, bók-

menntir, listir, tónlist, mynd-list, leiklist, kvikmyndalist, blaðamennsku, og fjöldamargt annað.

Arlega hefur verið boðið til sýninga á norrænni list: mál-aralist, svartlist, höggmynda-list, og fjölmargir íslenzkir myndlistamenn hafa tekið þátt í þeim. Þessar sýningar hafa verið í höllinni sjálfri, en nýlega var lokið við að endurbyggja gamla kornhlöðu, sem stendur rétt í hláðvarpanum, og hún hlaut nafnið Gallerie Plaisiren. Það var ákveðið að vígja þetta nýja sýningarpláss með sýningu á myndvefnaði eftir eina lista-konu frá hverju Norðurland-anna. Sýningin bar nafnið Nordisk textil.

Félag íslenskra myndlistar-manna þáði boðið fyrir Íslands-hönd og valdi Ásgerði til farar-



innar. Sýnendur frá hinum Norðurlöndunum voru Synnøve Anker Aurdal frá Noregi, Elisabet Hasselberg Olson frá Svíþjóð, Nanna Hertoft frá Danmörku og Kolsi-Makela frá Finnlandi. Ásgerður átti fjóra vefnaði á sýningunni.

Synnøve Aurdal er sú, sem átti af vefa stóra teppið, sem Noregur ætlaði að gefa Íslandi þjóðhátíðararíð, en hætti við — teppið reyndist ekki nógu dýr gjöf.

Við hittum Ásgerði að máli skömmu eftir að hún kom frá opnun sýningarinnar, en til hennar var öllum listakonunum boðið.


Þar sem vitað er, að Ásgerður er ein af örfáum á Íslandi sem stunda myndvefnað, varð okkur að sjálfsgöngu fyrst að spyrja hana, hver staða myndlistar sé á hinum Norðurlöndunum.

Því er ekki erfitt að svara, sagði Ásgerður. Þar er vefnaður víðurkennd listgrein, eins og reyndar annars staðar í heimin-

um, nema kannski helzt á Íslandi. Þó hér hafi oft verið ofið frá því land byggðist eignum við engan eiginlegan myndvefnað. — Svo er það þetta að vefa. Allir geta kannski ofið, en það má ekki blanda saman slíkum vefnaði og myndvefnaði. Myndvefnaður er sjálfstætt listform, og sá sem tekur sér vefinn sem tulkunar eða tjáningarform, eða hvað þú vilt kalla það, verður, eins og hver annar myndlistar-maður, að takast á við vanda-mál eins og myndskipan, efni og aðferðir í hvert skipti sem byrjað er á nýju verki, hvort sem það er lítið eða stórt.

Og hvernig tókst svo sýningin sjálf? Mjög vel. Þetta er mjög fall-egt sýningarpláss, það er engu líkara en húsíð hefið verið byggt utanum þessa sýningu. Og það er dælitíð skemmtilegt með þessa gömlu kornhlöðu, nú fer

Ásgerður Búa-dóttir ásamt fjórum listvefnaðarkonum frá hinum Norðurlöndunum en verk þeirra verða sýnd við opnun Gallerie Plaisiren, við Hasselby höll.



hún að miðla á ný, ekki mat, heldur list.

Sýningin var mjög fjölbreytt, — verkin ólík, eða réttara sagt höfundarnir, þar var ofið úr koparþræði og finasta silki og öllu þar á milli og aðvitað líka ull, sem ég tel öllu efni ofar.

Flest verkin höfðu það sam-eiginlegt, að þau voru hugsuð og unnin sem vefur, en ekki eitt-hvað annað. Norðurlöndin hafa nefnilega ekki dottið ofan í þau ósköp að flytja málverk yfir í vefnað eins og Frakkar gera — nema þá kannski helzt Svíar. Þá langar mig að spyrja þig að lokum. Ásgerður, hvers-vegna valdir þú þér þessa list-grein?

Æi, eignum við ekki að sleppa því. — Það er bara eitt vanda-mál æðra öllu í sambandi við vefnaðinn, — það er að hafa ekki nagilegan tíma til að vefa.

ÞÚ GETUR EKKI HALDIÐ AFTUR AF GÓÐUM FROSKI

Í Frakklandi eru þeir étnir. Í Bandaríkjunum eru þeir látn-ir hoppa. Sá, sem hoppar lengst hlýtur mikla frægð. Hann er íþróttahetja og eig-andinn er stoltari en nokkur íslenzkur ólympiufarastjóri sem kæmi óskammaður heim.

Í Bandaríkjunum eru haldin regluleg kappmót í froska-hlaupi. Þau vekja ávallt mikla athygli. Hver man ekki hina ódauðlegu frásögn Mark Twain af einu slíku móti, þar sem sigur vannst með hjálp góds slatta af blýhögllum? Saga Mark Twain heitir raun-ar „The Celebrated Jumping Frog og Calaveras Country“ og hún var fyrir nokkru sýnd í kvikmyndabúningi í íslenska sjónvarpinu sem hluti af mynd um ævi Mark Twain.

En nú þýða engir klækir lengur í íþróttamótum froska í Bandaríkjunum. Ströng sveit dómara fylgist rækilega

með, að allar leikreglur séu í heiðri hafðar.

Blýhögl eru þar bannvara. Síðasta Bandaríkjamót í froskahoppi var haldið í maí í vor í Frog Town (þykir engum mikið) í Californíu. Voru þar mættir hörðustu hopparar Bandaríkjanna þjálfaðir til hins ýtrasta. Bandaríkjamet-ið var þá 19 fet 3,25 þumlung-ar í hoppi, sett fyrir nokkrum árum. Nú skyldi metið slegið.

En því miður, — enginn reyndist nógu mikill hopp-froskur. Methafinn í froska-hoppi í Bandaríkjunum árið 1972 stökk aðeins 17 fet og 11,75 þumlunga, — langt frá landsmetinu. En meistara-tígnina fékk hann samt, — og jafnvirði 140 enskra punda. Það er eins gott að Frakki var þarna hvergi nálægur því fætur mikilla froskhoppa-hljóta að vera einstaklega góðir á bragðið.

